

Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

Garðabær 26. október 2021  
K-17242 Hp, PS

Sent á: [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is)  
B.t. Önnu Margrétar Tómasdóttur verkefnastjóra

## Varðar; Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Smyrlahraun 41a.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 25. október 2021 var lagt fram erindi frá Önnu Margrétu Tómasdóttur verkefnastjóra í umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar frá 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á lýsingu vegna breytingar aðalskipulagi Hafnarfjarðar, vegna lóðarinnar Smyrlahraun 41a.

Tillagan gerir ráð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk á svæði sem var skilgreint sem þjónustureitur inni í grónu íbúahverfi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á áformaðri breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025.*

F.h. heilbrigðisnefndar

Páll Stefánsson  
deildarstjóri



Hafnarfjarðarbær  
Umhverfis- og skipulagssvið  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

Garðabær 26. október 2021  
K-17242 HP, PS

Sent á: [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is)  
B.t. Önnu Margrétar Tómasdóttur verkefnastjóra

## Varðar; Lýsing á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Miðbæjarsvæði M1.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var 25. október 2021 var lagt fram erindi frá Önnu Margrétu Tómasdóttur verkefnastjóra í umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar frá 20. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn frá heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á lýsingu vegna breytingar aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Miðbæjarsvæði M1.

Fram kemur að; „allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu en stefnt sé að aukinni íbúðabyggingu í miðbænum“ en síðar; „að þar sem aðstæður leyfa meggi gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga“.

Eftirfarandi bókun var gerð:

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsingu á áformaðri breytingu á Miðbæjarsvæðinu í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. En nefndin vill þó áréttu að við breytingar á húsum og við breytingar á nýtingu húsa þarf að tryggja fulla aðgreiningu milli íbúða og atvinnustarfsemi. Tryggja þarf að hljóðvist í íbúðum á efri hæðum uppfylli þær kröfur sem koma fram í reglugerð um hávaða og að íbúar verði ekki fyrir ónæði, vegna lykta eða annarra þátta er tengist nærliggjandi atvinnustarfsemi.*

F.h. heilbrigðisnefndar

Páll Stefánsson  
deildarstjóri

